



Menntun - Virðing - Fagmennska - Framsækni

Tækniskólalínan

2. TBL. 11. ÁRGANGUR 2018

Valdagur

12. mars

Umsókn um skólavist fyrir haustönn 2018



12. mars

Valdagur

Umsókn um skólavist
fyrir haustönn 2018

Valdagur

Til þess að tryggja áframhaldandi skólavist þurfa nemendur að hitta umsjónarkennara þennan dag. Yfirfara með honum áfangaval sitt fyrir næstu önn og staðfesta valið. Einnig er mikilvægt að greiða í heimabanka staðfestingargjald skólagjalda sem er 5000 kr. Valvika nemenda K2 brautar er 16.-23. mars.

Framkvæmd

Mánudaginn 12. mars verða umsjónarkennarar með viðtalstíma frá kl. 10:35 til 11:35. Sjá staðsetningu þeirra á heimasíðu skólans www.tskoli.is

Nemendur geta undirbúið valdaginn með því að yfirfara námsferil sinn í Innu samkvæmt námsskipulagi brautar. Nemendur geta breytt vali sínu sjálfir í Innu, sjá nánar [leiðbeiningar fyrir nemendur](#). Nemandi og umsjónarkennari staðfesta valið í Innu.

Brautaskipti

Umsókn um brautaskipti fer fram á rafrænu [formi](#) sem nemandi fyllir út, sjá einnig á heimasíðu Tækniskólans.

Listi yfir valáfanga

Yfirlit yfir námsskipulag allra brauta er undir NÁM og [Skólanámskrá](#) í aðalvalmynd á vefsíðu skólans. Auk þess geta nemendur valið áfanga af öðrum brautum sem er opið val, ef þeir vilja bæta við sig, sjá [valáfangar allra brauta](#).

Skólagjöld - Staðfestingargjald

Mikilvægt er að greiða í heimabanka staðfestingargjald sem er 5000 kr. **Eindagi er 19. mars.** Eftir eindaga er krafan felld niður, hafi hún ekki verið greidd er litið svo á að nemandi ætli ekki að þiggja skólavist. Staðfestingargjald er ekki endurgreitt.



Skólagjöld

Gjalddagi skólagjalda er **3. maí** og þeir sem greiða fyrir eða á gjalddaga fá **5000 kr. afslátt** af skólagjöldum. Þeir sem greiða eftir eindaga skólagjalda **23. maí** fara á biðlista og getur skólinn ekki ábyrgst skólavist þeirra.

Námsver

Hlutverk námsvers Tækniskólans er að þjónusta þá nemendur sem eiga við námserfiðleika af einhverju tagi. Sjá nánar um [Námsver](#).

Aukatímar í stærðfræði

Allir stærðfræðiáfangar á laugardögum kl. 12-14 í stofu 410 Skólavörðuholti, sjá nánar um [aukatíma](#) á vefsíðu skólans. Mætið með heimavinnuna, erfiðu dæmin og lærið með hjálp góðra kennara.

Bókasafn - Upplýsingamiðstöð

[Bókasafn skólans](#) er á þremur stöðum, í Hafnarfirði, Háteigsvegi og Skólavörðuholti. Starfsfólk safnsins aðstoðar nemendur við upplýsingaleit og heimildaöflun. Lesstofur og tölvur eru á öllum stöðum. Einnig er aðstaða til prentunar og skönnunar.

Félagslífið



Tækniskólinn leggur ríka áherslu á að í skólanum sé mikið og fjölbreytt félagslíf. Innan allra skóla Tækniskólans starfa félag nemenda sem saman mynda nemendasamband Tækniskólans (NST). Hlutverk nemendafélaganna og nemendasambandsins er að halda utan um félagslíf skólans, klúbba, keppnir innan og utan skóla og aðrar uppákomur. Nemendur eru hvattir til þess að tengjast NST á Facebook, Instagram og Snapchat, nánari upplýsingar: [nst.is](#) og á [vefsíðu Tækniskólans](#).

Sérúrræði - lengri tími

Allir nemendur sem skilað hafa inn gögnum um leserfiðleika eða aðra námserfiðleika fá viðbótar 30 mínútur við lausn matsþátta. Sótt er um sérúrræði í Innu, [sjá leiðbeiningar](#). Gögnum er skilað í upphafi annar til námsráðgjafa skólans eða til Fjölvis Ásbjörnssonar, brautarstjóra sérdeildar í stofu 527. Þeir sem enn eiga eftir að skila inn gögnum, eða óska eftir meiri þjónustu þurfa að huga að því ekki síðar en **27. apríl**.

Veikindi á námsmatstíma

Ef nemandi er ófær vegna vottaðra veikinda að leysa lykilmatsþátt¹ þegar hann skal unninn þá skal boðið upp á annan námsmatstíma í samráði við kennara. Sjá nánar um [veikindaskráningu](#) á vefsíðu skólans.

Lokaeinkunnir birtar – námsmat – endurgjöf

Einkunnir verða birtar í Innu **22. maí**. Kennarar verða til staðar á ákveðnum stað og tíma þann dag. Nemendur eru hvattir til að koma, skoða námsmat og fara yfir einkunnir með kennara. Einnig er þetta tækifæri til að endurskoða val næstu annar með umsjónarkennara.

Dimmitering og útskrift

Dimmitering útskriftarnemenda er **27. apríl**. Útskrift Tækniskólans verður **25. maí** í Hörpu. Nemendur eru minntir á útskriftarhúfur.



¹Lykilmatsþáttur:

Í sumum áföngum eru skilgreindir lykilmatsþættir. Nemendur þurfa að klára alla lykilmatsþætti með að lágmarki 4 í einkunn til þess að standast áfangann.

Mikilvægar dagsetningar !

12
MARS

19
MARS

27
APR

03
MAÍ

22
MAÍ

25
MAÍ

Sjá nánar í skóladagatali Innu og á vef Tækniskólans



Tækniskólinn er virkur á flestum samfélagsmiðlum og notar þá mikið við upplýsingagjöf til nemenda. Við hvetjum þig til þess að taka þátt í umræðunni og tengjast okkur betur.

Finndu okkur á Facebook – Snapchat - Youtube - Instagram



Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins 

Mikilvægar dagsetningar !

12
MARS

Valdagur

19
MARS

Eindagi staðfestingargjalds - Innritun hefst í dag-og dreifnámi

27
APR

Dimmitering

27
APR

Lokadagur til að sækja um sérúrræði í prófum

03
MAÍ

Gjalddagi skólagjalda

22
MAÍ

Einkunnir birtar í Innu - Námsmat/endurgjöf (prófsýnidagur)

25
MAÍ

Útskrift Tækniskólans